

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Í samantekt þessari má sjá leiftur af starfi vetrarins og er þar minnst á það sem vel heppnaðist og það sem betur mætti fara. Fyrst og fremst eru þetta þó upplýsingar um starfið. Samantekt um það sem betur mætti fara og leiðir að því marki má finna í sjálfsmatskýrslu og svo í umbótaáætlun.

Trostan Agnarsson

Efnisyfirlit

Upplestrarhátíð 7. bekkjar 2024.....	2
Valgreinar.....	3
Velferðarteymi.....	4
Eineltisáætlun Olweusar.....	4
Vinaliðaverkefni veturinn 23/24.....	5
Skólaráð.....	7
Teymi yngsta stigs.....	8
Skólaárið 2023-2024.....	8
Teymi miðstigs 2024.....	9
Teymiskennsla á unglingastigi.....	10
Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk.....	11
Náms- og starfsráðgjöf.....	12
Gaman saman.....	13
Heilsueflandi grunnskóli.....	14
Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur febrúar 2024.....	16
Læsismenning.....	16
Byrjendalæsi.....	17
Félagsmál 2023/24.....	19
Danmerkurferð 10. bekkjar.....	20
Árshátíð 1.- 7. bekk.....	21
Árshátíð - GREASE.....	23
Skólahreysti 2023-2024.....	26
Vorferð 1.-4. bekkjar 2024.....	27
Vorferð 5.-6. bekkur 2024 - Skín við sólu.....	28
Skólaferðalag 7. - 9. bekkjar.....	29
Erasmus+ verkefni: Finnland - Ísland - Tyrkland 2023-2024.....	30
Öryggisráð.....	33

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Upplestrarhátíð 7. bekkjar 2024

Upplestrarhátíð 7. bekkjar Varmahlíðarskóla var haldin 6. mars 2024 í setustofu skólans.

Undirbúningur keppinnar hófst á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember með þátttöku nemenda á tónleikum Kammerkórs Skagafjarðar, en þá lesa nemendur ljóð sem tengjast dagskrá kórsins hverju sinni.

Undirbúningur var í höndum íslensku/umsjónarkennara, Helgu Sigurðardóttur. Hann fór að mestu fram í skólanum en einnig æfðu nemendur sig heima.

Síðustu daga fyrir hátíðina fengu nemendur tækifæri til þess að æfa sig daglega í skólanum.

Trostan Agnarsson skólastjóri kom á eina æfingu og ræddi einslega við hvern nemanda í lok tímans og gaf honum leiðbeiningar.

Níu nemendur tóku þátt og lásu ljóð og sögubrot.

Dómnefnd skipuðu Gunnar Rögnvaldsson, Ólafur Atli Sindrason og Svanhildur Pálsdóttir.

Kynnar voru nemendur úr 8. bekk, þau Ólöf Helga Ólafsdóttir og Haraldur Hjalti Bjarnason.

Tónlistaratriði voru flutt af nemendum í 5. og 6. bekk en það voru Alina Leblanc og Kolbrún Embla Róbertsdóttir.

Boðið var upp á pizzusnúða, muffins, djús og kaffi en nemendur 7. bekkjar bökuðu fyrir hátíðina með aðstoð Sigríðar heimilisfræðikennara.

Stóra upplestrarhátíðin var haldin í bóknámshúsi FNV þriðjudaginn 12. mars. Þar stigu á stökk fyrir hönd Varmahlíðaskóla, Heiðís Rós Hafrúnardóttir sem hafnaði í 2. sæti og Sigrún Sunna Reynisdóttir sem stóð sig einnig með miklum sóma. Bergrún Lauga Þórarinsdóttir var varamaður en forfallaðist þegar keppnin fór fram.

Markmið keppinnar er fyrst og fremst að vekja áhuga nemenda á vönduðum upplestri og framburði og ekki síst að koma fram og lesa fyrir fullan sal af fólki.

Þetta verkefni er þroskandi fyrir nemendur og afar gefandi fyrir leiðbeinanda þeirra.

Helga Sigurðardóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Valgreinar

Eins og fram kemur í aðalnámskrá er tilgangur með valgreinum sá að gefa nemendum færi á því að sökkva sér í hugðarefni sín, að víkka sjóndeildarhringinn og að búa sig undir frekara nám. Gert er ráð fyrir að námið geti verið jafnt bóklegt sem verklegt og á að hafa jafnvægi á framboði. Vitaskuld getur hópastærð valið því hvort unnt er að bjóða upp á valgrein og einnig stýrir áhugi nemenda því að nokkru leyti hvað er í boði. Tíma sem ætlaður er til valgreina má einnig nýta til þess að stunda nám á framhaldsskólastigi en einnig má telja tónlistarnám og þátttöku í íþróttastarfi til valgreina.

Hver nemendi valdi fjórar greinar, UTN og fjármálalæsi voru þó eingöngu fyrir 10.bekk

Þær greinar sem kenndar voru í vetur voru eftirfarandi:

Haustönn:

Bakstur

Hár-húð og förðun

Hönnun og smíði

Leikir og spil

Leikskóli/Skóli

Málmsmíði

Óvænt

Skák miðvikud.

Skólahreysti

Slökun

Textíl

UTN

Vorönn: Bakstur

Bílamálun

Framhaldsskólanám

Fjármálalæsi

Hár-húð-förðun

Matur og menning

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Málmsmíði

Málmsmíði

Málmsmíði

Skólahreysti

Stuttmynd

UTN

Velferðarteymi

Um áramót 2023/2024 var settur saman velferðarteymi. Hópurinn samanstendur af Helga Rós Sigfúsdóttir, Jónína Gunnarsdóttir, Kristvina Gísladóttir og Sif Káradóttir. Velferðarteymið festi sér 40 mínútna tíma vikulega til að hittast, en því miður féllu nokkuð margir tímar út nú á vordögum.

Markmið hópsins er að vinna að velferð nemenda Varmahlíðarskóla, m.a. með því að finna ýmsar námstæknileiðir, hjálpargögn fyrir nemendur sem það þurfa, ræða hvað við getum gert betur og hvar og hvernig við eigum að koma til móts við bæði nemendur og starfsmenn.

Stefnan næsta vetur er að koma enn öflugri inn og vera duglegar að vera með jafningjafræðslu reglulega.

Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar. Olweusarteymi skipa Helga Rós Sigfúsdóttir, Jónína Gunnarsdóttir, Kristvina Gísladóttir og Sif Káradóttir. Olweusarteymið hittist hálfsmánaðarlega í 40-60 mínútur, en því miður féllu nokkuð margir tímar út nú á vordögum.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum í allan vetur. Olweusardagurinn var haldinn í nóvember, en þá hittust allur skólinn í íþróttahúsinu og hafði gaman saman. Olweusarkönnunin var ekki lögð fyrir þennan vetur, vegna lítila upplýsinga frá framkvæmdarstjóra Olweusar á Íslandi.

Næsta vetur er stefnan að:

- halda bekkjarfundi með starfsfólki skólans

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

- setja upp áætlun með efni fyrir bekkjarfundi sem umsjónarkennarar taka fyrir í hverjum mánuði með sínum hópum
- allir umsjónarkennarar taki einstaklingsviðtöl við sína nemendur a.m.k 3x yfir veturinn.
- skerpa á viðbragðsáætluninni svo allir séu meðvitaðir ef einelti eða grunur um einelti kemur upp.
- finna gott tengslakönnunarforrit og setja þær á dagskrá.

Taka þarf til skoðunar í haust hvort áfram eigi að fylgja eineltisáætlun Olweusar eða hvort skoði eigi aðrar sambærilegar stefnur.

Helga Rós Sigfúsdóttir, Jónína Gunnarsdóttir, Kristvina Gísladóttir og Sif Káradóttir

Vinaliðaverkefni veturinn 23/24

Sem fyrr var vinaliðaverkefni haldið áfram þennan vetur. Formerki verkefnisins eru að auka möguleika á afþreyingu í frímínútum með skipulögðum leikjum sem og að valdefla vissa nemendur sem tilbúnir eru að taka við forystuhlutverki og vera fyrirmynd annara.

Undirritaður var fenginn til að sinna verkefninu í vetur en var ekki ráðinn inn fyrr en í október svo störf voru hafin heldur seint að þessu sinni. Rikke Busk var einnig til halds sem fyrr.

Fastur tími til funda var ekki settur þar sem lífill tími var laus í töflu til. Reynt var að funda stuttlega eftir hverjar vinaliðafrímínútur þar sem farið var yfir hvernig gekk og dagskrá næstu viku ákveðin. Vinaliðaleikir voru oftast nær teknir í íþróttahúsinu og fundirnir voru líka teknir þar svo að sem minnst rót væri á nemendum.

Sett var spurningarmerki við hvort að áfram ætti að halda uppi verkefninu á unglíngastigi vegna slæmrar mætingar síðasta vetur. Nemendaráð var beðið um að taka ákvörðum um hvort þeim þætti ástæða til að halda áfram. Þau báðu um að halda áfram fram að áramótum og taka síðan stöðuna á ný. Þegar það lá fyrir gekk undirritaður milli bekkja og kynnti verkefnið og lét þá kjósa fulltrúa. Annarsvegar voru valdir fulltrúar úr 4. - 7. bekk til að sinna verkefninu fyrir 1 - 7. bekk og hinsvegar fulltrúar úr 8 - 10. bekk til að sinna eigin aldurshópi.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Sólveig Sigurðardóttir er yfirmaður verkefnisins og hélt vinaliðanámskeið um haustið í íþróttahúsinu í Varmahlíð fyrir nemendur skólans. Venjulega hafa þó verið haldin sameiginleg námskeið fyrir vinaliða Skagafjarðar. Að hafa sér námskeið fyrir aðeins þennan hóp þótti undirrituðum verra þar sem þá missa vinaliðar Varmahlíðarskóla af því samneyti sem annars fengist með fulltrúum hinna skólanna. Hann hvetur næsta verkefnastjóra til að biðja frekar um námskeið með stærri hóp. Þá mætti líka gefa meiri tíma í námskeiðið sjálf og yfirferð ætti að vera ítarlegri.

Þegar verkefnið fór af stað gekk vel. Yngri hópurinn fékk vinaliðafrímínútur á þriðjudögum og sá eldri á miðvikudögum. Mæting var mjög góð hjá yngri hópnum yfir veturinn en heldur dræm hjá þeim eldri. Ákveðið var því að leggja niður verkefnið hjá eldri hópnum um áramótin. Yngri hópurinn fékk þá líka miðvikudagsfrímínúturnar það sem eftir var af vetri.

Að vori voru fulltrúar yngri hópsins verðlaunaðir fyrir góð störf með skemmtiferð sem tók um hálfan skóladag. Farið var með fulltrúum Grunnskólans austan Vatna á Sauðárkrók í bíó á nýútgefna mynd og síðan matur borðaður á Kaffi Krók. Guðmundur Magnússon, húsvörður, keyrði þau á Krókin og Steinar Óli fylgdi með. Ferðin þótti vel heppuð.

Starf vetrarins þótti að mestu ganga vel. Fulltrúar sinntu sínu mjög vel og voru til fyrirmyndar. Undirritaður vill þó stinga upp á að næsti verkefnastjóri velti nokkrum hlutum fyrir sé Einhver misskilningur var síðan á því hver sæi um að skipuleggja vorferð vinaliða. Okkur var gefið til að kynna að verkefnastjóri myndi skipuleggja sameiginlega ferð vinaliða í Skagafirði og var sagt það í sífellu, skriflega. Svo var síðan ekki og á seinustu stundu mátti undirritaður skipuleggja ferð í samráði við GaV sem óneitanlega hefði getað verið umfangsmeiri ef meiri tími hefði gefist til. Gott yrði að biðja um að hafa þessa hluti algjörlega á hreinu fyrir næsta vetur. Eins mælir undirritaður með því að verkefnið verði ekki aftur tekið upp fyrir unglíngastig. Afþreying virðist þegar mjög mikil fyrir þann aldur í frímínútum og kannski ekki ástæða til að vera reyna dreifa þeim meira.

Steinar Óli Sigfússon

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Skólaráð

Skólaráð hefur lögum samkvæmt eftirfarandi hlutverk:

1. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
2. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
3. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
4. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
5. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
6. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
7. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ráðið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði á starfstíma skóla, að ágúst og janúar undanskildum. Kosið er í ráðið til tveggja ára og var það skipað svo í vetur:

Í skólaráði veturinn 2023-2024 sitja ásamt skólastjóra:

- a) Tveir fulltrúar kennara, kosnir á kennarafundi: Þyrey Hlífarsdóttir (seinna ár) og Birgitta Sveinsdóttir. Til vara: Íris Olga Lúðvíksdóttir.
- b) Einn fulltrúi annars starfsfólks, kosinn á starfsmannafundi: Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir (fyrra ár). Til vara: Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

c) Tveir fulltrúar foreldra, kosnir á aðalfundi skv. starfsreglum foreldrafélags: Guðríður Björk Magnúsdóttir og Sigrún Eva Helgadóttir.

d) Tveir fulltrúar nemenda, kosnir skv. starfsreglum nemendafélags: Halldór Stefánsson (Iðunn Kolka Gísladóttir til vara) og Arnar Freyr Brynjarsson (Briet Bergdís Stefánsdóttir til vara).

e) Skólaráð velur sjálfst einn fulltrúa grenndarsamfélags: Gunnar Sigurðsson.

Fundir ráðsins voru ekki margir á skólaárinu, eða fimm talsins frá febrúar fram í maí og má sjá fundargerðir á heimasíðu skólans. Fyrst og fremst var fjallað um aðbúnað nemenda, húsnæði og svo horft fram á veg og rætt um valgreinar og þróunarstarf og þróunarverkefni sem kunna að vera í sjónmáli. Einnig kom ráðið að opnum fundi um skólamáli sem haldinn var í skólanum fyrir foreldra.

Trostan Agnarsson, skólastjóri

Teymi yngsta stigs

Skólaárið 2023-2024

Yngsta stigs teymi þetta skólaárið skipuðu Birgitta Sveinsdóttir, Sara Gísladóttir, Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir og Sif Káradóttir. Þyrej Hlífarsdóttir var einnig hluti af því í byrjun skólaárs og var teymisstjóri en fór svo í veikindaleyfi, þá tók Trostan við sem teymisstjóri, þó ekki fyrr en eftir áramót.

Teymið hafði 1 mögulegan tíma á viku sem fastan fundartíma. Þetta var síðasti tími fyrir hádegismat, þegar Birgitta og Sólrún voru að koma til baka eftir Gaman saman samstarfið við leikskólann. Þessar tæpu 40 mínútur voru alltof stuttur tími og nýttust afar illa vegna staðsetningar í töflu. Ekki voru fleiri tímar hafðir fyrir samráð. Þyrej fór

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Í veikindaleyfi í haust og var enginn teymisstjóri lengi vel þangað til Trostan tók það hlutverk að sér á seinni hluta skólaársins. Þetta var ekki gott fyrirkomulag, þar sem teymisstjóri þarf að vera í daglegu starfi á yngsta stigi til að vera inni í málefnum þar. Hins vegar hélt Trostan utan um verkefnavinnu tengda þróunarverkefninu frá HA. Þeir fundir voru nokkrir, 1x í viku á miðvikudögum í 40 mínútur og var þá unnið að verkefnum frá HA.

Við mælum eindregið með því að teymið fái að minnsta kosti 80 mínútur á viku (fastan tíma á stundatöflu) til að funda og hafa samráð. Mikilvægt er fyrir teymi að fá góðan samráðstíma svo allir aðilar fái tækifæri til að spjalla og ráðrúm til að skipuleggja faglegt starf á yngsta stigi. Teymisstjóri þarf að starfa á stiginu.

Birgitta Sveinsdóttir

Sara Gísladóttir

Sif Káradóttir

Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir

Teymi miðstigs 2024

Teymi miðstigs skipuðu Helga Sig. umsjónarkennari í 6. og 7. bekk, Íris Olga teymisstjóri, Jónína Guðrún iðjubjálfi/stuðningsfulltrúi, Sigrún Ben. umsjónarkennari í 5. bekk og Sigrún Gylfa stuðningsfulltrúi. Í upphafi vetrar sat Nína Ýr nokkra fundi. Þegar leið á haustið fannst samráðstími fyrir teymið, þriðjudaga frá kl. 8:00 til 8:55.

Samráðstímar voru nýttir í teymisvinnu í tengslum við þróunarverkefnið með Háskólans á Akureyri, kennararnir þrír þurftu oft að nýta hluta tímana til að undirbúa þematímana tvo í stundaskrá á mánudögum.

Varmahlíðarskóli tekur þátt í þróunarverkefni undir handleiðslu HA um teymiskennslu, verkefnið fór ekki af stað fyrr en eftir áramót og frekar lítið gert í tengslum við það. Íris Olga sótti tíma fyrir hönd teymisins.

Næsta ár:

- Gott er að hafa tvo samliggjandi samráðstíma fyrir stigið, ekki æskilegt að hafa þá á fimmtudögum, þar sem margir detta út sérstaklega á vordögum.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

- Mikilvægt að hafa fastan tíma á viku til að undirbúa þematíma. Samráðstímarnir gætu dekkað hluta af þeim undirbúningi, sérstaklega ef teymið fær tvo samliggjandi.
- Teymið samþykkti vinnu með jafningjastuðning á næsta skólaári og lagði til við stjórnendur að önnur teymi tækju einnig þátt. Okkur finnst að til þess að svona vinna takist sem best og faglegast þá sé æskilegast að öll skólastig taki þátt. Skólastjórnendur tóku jákvætt í þetta. Nokkur atriði varðandi fyrirkomulag:
 - Stjórnendur þurfa að vera vel virkir í að liðka fyrir að starfsfólk geti setið tíma hjá hvert öðru, þ.e.a.s. stundum þyrfti að dekka forföll.
 - Jafningjastuðningur þarf ekki alltaf að taka heila kennslustund og ef fólk vill, mætti jafnvel notast við upptökur sem starfsfólk getur rætt sín á milli.

Teymiskennsla á unglíngastigi

Líkt og veturinn áður var teymisvinna á unglíngastigi, 8. til 10. bekk. Helga Rós var umsjónarkennari 10. bekkjar, Unnur Erla var umsjónarkennari 9. bekkjar og Sigfríður var umsjónarkennari 8. bekkjar. Helga Þorbjörg, Steinar Óli, Sif Káradóttir, Sigrún Gyldadóttir og Jón Arnjóts voru með stuðning í þessum bekkjum.

Unglíngastigsteymið festi sér tvo samliggjandi tíma í töflu fyrir fundi vikulega, sem gafst mjög vel. Mælt er með því að það verði þannig áfram. Á vikulegum samráðstímum fór mikill tími í nemendamál og að samræma og skipuleggja næstu skref

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Í vetur var Varmahlíðarskóli í þróunarverkefni undir handleiðslu Háskólans á Akureyri um teymiskennslu, verkefnið fór ekki af stað fyrr en eftir áramót og frekar lítið gert í tengslum við það. Nína sótti tíma fyrir hönd teymisins.

Næsta ár:

- Gott er að hafa tvo samliggjandi samráðstíma fyrir stigið eins og var í vetur, ekki æskilegt að hafa þá á fimmtudögum, þar sem margir detta út sérstaklega á vordögum.
- Hver bekkur verður að fá að vera sér að einhverju leyti.
- Mikilvægt að hafa fastan tíma á viku til að undirbúa þematíma

Helga Rós
Nína Ýr
Unnur Erla

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Litla upplestrarkeppnin er að verða fastur liður í skólastarfi yngsta stigs og er það vel. Gildi slíkrar "keppni" er að nemendur þjálfast í vönduðum upplestri og "keppa" við sjálfa sig um að verða betri lesarar í dag en í gær.

Við hófum vegferðina í byrjun apríl - þegar nemendum var úthlutaður texti til æfinga. Reynt var að æfa a.m.k. einu sinni á dag.

Hátíðin sjálf fór fram í setustofu skólans og var foreldrum 4.bekkinga boðið að koma, auk nemenda í þriðja bekk. Nemendur 4.bekkjjar sátum um að útbúa veitingar í samstarfi við heimilisfræðikennarann Sigfríði.

Í upphafi hátíðarinnar fengum við eitt tónlistaratriði, sem nemandi úr 3. bekk sá um með aðstoð Helgu Rósar Indriðadóttur tónlistarkennara. Um miðjan upplestur var svo annað tónlistaratriði frá nemanda í 3.bekki með aðstoð frá Kristínu Höllu Bergsdóttur.

Að upplestrinum loknum buðu nemendur gestum upp á kaffi, safu og kökur sem þeir höfðu sjálfir bakað, eins og áður kom fram.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Það er mat umsjónarkennara að vel hafi tekist til og ekkert nema ánægja fylgt þessu verkefni. Það er því einboðið að Litla upplestrarkeppnin verði árlegur þáttur í skólalastarfinu framvegis.

Nauðsynlegt framhald af svona vinnu er að viðhalda þeirri tækni og þeim vinnubrögðum sem nemendur tileinka, sér áfram á miðstigi - sem er svo grunnur að þeirri vinnu sem unnin er með 7.bekk í sambandi við Stóru upplestrarkeppnina.

Sara Gísladóttir



Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2023-2024 var námsráðgjafi í 50% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara og sat teymisfundi þar sem við átti, auk þess sem hann sat nemendaverndarráðsfundi.

Nemendur 10. bekkjar fóru í heimsókn í FNV ásamt öðrum 10. bekkjum í Skagafirði, skoðuðu skólann, heimavistina, borðuðu mat í mótuneytinu og enduðu á því að fara á stórskemmtilega leiksýningu nemendafélagsins. Kynningarfundur var haldinn í samstarfi við FNV þar sem að fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans. Þá fóru nemendur í 10. bekk í starfskynningar í vetur en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar. Tókust þær kynningar afar vel og voru nemendur mjög ánægðir með þessa daga.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Helga Rós Sigfúsdóttir

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta samstarfsverkefni hefur verið með svipuðu sniði milli skólanna í allmörg ár og hefur gengið mjög vel. Allir bekkir skólans hafa farið í heimsókn í leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Þá hefur skólahópur leikskólans komið reglulega í heimsóknir, í alla bekki skólans. Markmiðið er að skólahópsbörnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans. Þá hafa yngstu nemendur skólans og börnin í skólahópi leikskólans farið saman í gönguferðir og boðið hvert öðru á viðburði í báðum skólunum.

Markmiðið með Gaman saman samstarfsverkefninu er að halda félagslegu tengslunum milli nemendahópa skólanna, í ljósi teymis- og samkennslu í Varmahlíðarskóla. Haldinn var kynningarfundur í haust með foreldrum barnanna í báðum hópunum. Þar var starfið kynnt og fékk góðar viðtökur. Ákveðið var að leggja 3 kennslustundir undir starfið, einn dag í viku, þar af ein kennslustund í íþróttum. Samveran var til skiptis í skólunum. Útikennsla var nýtt, eins og veður og aðstæður buðu upp á en einnig voru unnin ýmis verkefni innan dyra. Verkefnin voru margvísleg, þar sem leikur og sköpun, fengu að njóta sín. Nestistímar voru hluti af samveru okkar, hvort sem verið var úti eða inni. Gott var að hlaða batteríin og fá smá ávaxtapásu. Þar sem frímínútur Varmahlíðarskóla, féllu inn í samverutíma okkar, tókum við þátt í þeim þegar við vorum þar.

Frá Birkilundi tóku tveir kennarar þátt í samstarfinu, Sigurbjörg Egilsdóttir og Fanney Friðriksdóttir. Sigurbjörg og Birgitta sáu um undirbúning þessara samverutíma. Fundað var að hausti og lagðar línur fyrir veturinn en síðan höfðu þær samráð sín á milli, yfirleitt með tölvusamskiptum daginn fyrir hitting. Þá var oftast hægt að skipuleggja útiveru og annað með tilliti til veðurspár og annarra aðstæðna.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Skólahóp var boðið að vera með á ýmsum uppbrotsdögum í Varmahlíðarskóla, s.s. bekkjarskemmtun á Hrekkjavöku og vorgöngutúr. Fyrsta og öðrum bekk var einnig boðið á generalprufu útskriftarleikrits skólahóps.

Íþróttatímarnir voru í höndum íþróttakennara, Sigurlínu H. Einarsdóttur. Þeir voru úti framan af hausti. Farið var í leiki uppi á íþróttavelli, gengið um nágrennið og umhverfið skoðað. Þegar kólna tók í veðri, færði hópurinn sig inn í íþróttahúsið. Krakkarnir fóru í klefana í íþróttahúsinu og lærðu að ganga um þá. Það hefur oft tekið langan tíma fyrir sum börn að aðlagast þeim aðstæðum í skólabyrjun. Gekk þetta mjög vel. Fljótlega mættu flest skólahópsbörnin í íþróttafötum innan undir fatnaði og voru eldfljót að fara í gegnum klefana. Íþróttatímarnir voru yfirleitt í formi stöðvavinnu, þar sem reyndi á margvíslega færni, sem og í formi margvíslegra hópleikja. Á vordögum var svo farið í 2 sundtíma í stað íþróttar. Þá fóru skólahópur og 1. og 2. bekkur saman í sund ásamt kennurunum.

Við teljum að þetta verkefni hafi gengið mjög vel og hefur mikil gleði fylgt samverunni í vetur.



Birgitta Sveinsdóttir

Heilsueflandi grunnskóla

Um langt árabíl hefur verið unnið að því leynt og ljóst að efla líkamlega og andlega heilsu nemenda og starfsfólks skólans. Með sameiginlegu átaki hefur tekist að fá alla til þess að huga allvel að mataræði sínu og hefur gott fordæmi verið sett við skólann með því að hafa fjölbreytilegt fæði sem teljast má hollt og gott. Þó að fæði skipti máli má ekki gleyma því að annað getur haft áhrif á heilsuna og má þar helst nefna hreyfingu og mannleg samskipti.

Í heilsueflandi teymi skólans árið 2023-2024 voru Lína, Sigfríður, Unnur, Steinar Óli og Þorbjörg fyrir hönd nemenda voru Bríet Bergdís og Halldór og fyrir hönd nærsamfélagsins var Bryndís Bjarnadóttir. Kennarar í teyminu funduðu oftast saman en allt teymið hittist þó einu sinni í vetur.

Í daglegu starfi urðu nemendur helst varir við starf teymisins á haustdögum, en þá var boðið upp á árlega hreyfidaga með margháttuðum leikjum og æfingum. Dagarnir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

voru einungis tveir í ár en boðið upp á loftbolta, blindrabolta, sund og leiki. Nemendur í 9. og 10. bekk tóku ekki þátt í þessari dagskrá þar sem þeir voru á sama tíma í gönguferð í Hildarsel.

Farið var í rökkurgöngu í gegnum Reykjarhólsskóg með stoppum á nokkrum stöðum og endað við tjaldsvæðið þar sem boðið var upp á kakó og piparkökur og sungið var saman. Lagt var af stað eftir morgunmat.

Þó að starf vetrarins hafi veitt nokkurt svigrúm gafst ekki tóm til þess að bjóða upp á allt sem hugur stóð til. Nemendur fengu þó fyrirlesara frá SAFT um netöryggi í samvinnu við foreldrafélagið en þau buðu líka upp á fræðslu um sama mál fyrir foreldra.

Boðið var upp á sundferð á vinnutíma fyrir starfsfólk í eitt skipti þar sem farið var m.a. í sundleikfimi. Almenn ánægja var með framtakið og þyrfti að koma því oftar á dagskrá næsta vetur.

Á vordögum var endað með Geðorðadegi þar sem öllum nemendum var skipt í hópa þvert á árganga. Unnið var á sex stöðvum að ýmsu tengdu geðorðunum; samkennd - myndbandagerð, hjálpssemi - útiöldun, þakklæti - hjarta og þakkarkort, hreyfing - sund, geðorð - útimálun og hreyfing - íþróttahús. Dagurinn tókst mjög vel og mikil ánægja jafnt meðal nemenda og starfsfólk. Gott væri að halda áfram með stöðina þar sem málað var á stéttina úti og klára það verk.

Heilsueflandi hópurinn fékk styrk frá Samfélagssjóð Landsvirkjunar upp á 300.000 fyrir verkefnið Hreyfidagar að hausti sem mun nýtast vel næsta haust. Einnig fengum við styrk fyrir áfengis og vímuvarnir frá Lýðheilsusjóði upp á 300.000 kr.

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Steinar Óli Sigfússon

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur febrúar 2024

Undanfarin ár hafa 1. árs nemar á hestabraut á Hólum í Hjaltadal boðið nemendum í 9. bekk að koma á námskeið hjá sér - heima á Hólum. Þetta verkefni er hluti af lokaverkefni 1. árs nema og óhætt er að segja að framtakið sé til mikillar fyrirmyndar þar sem metnaður, umhyggja, þolinmæði og áhugi eru í fyrirrúmi.

Nemendur dvöldu að þessu sinni frá þriðjudegi til fimmtudags frá 9:00 að morgni til 15:00 nema á fimmtudag til kl. 13. Nemendur þurftu að vera búnir að borða morgunmat áður en þeir komu í skólann svo hægt væri að leggja strax af stað og ná að Hólum fyrir kl. 9.00 en fengu síðan hádegismat í boði Hólaskóla sem var að þessu sinni í aðstöðu við hesthús.

Nemendum var skipt í hópa eftir kunnáttu og getu á sviði hestamennsku. Verkefnin voru margvísleg, bæði verkleg og bókleg. Einn kennari fylgdi hópnum hvern dag.

Skipulag og fyrirkomulag er til fyrirmyndar og flestir ef ekki allir nemendur hafa verið ánægðir með þessa daga.

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Læsismenning

Vorskýrsla

Samlestur hjá 1., 2. og 5. bekk stóð yfir í allan vetur, einu sinni í viku, þar sem nemendur hafa lesið fyrir hvern annan. Samstarfið hefur gengið afar vel og stefnt að því að halda slíku samstarfi áfram með svipuðu sniði. Gott að hóparnir séu af sitt hvoru skólastiginu.

Lestrarhvatning

Skólinn hefur staðið fyrir hvatningu til lesturs hjá nemendum með **jóla-** og **páska**lestri. Yngsta stigið fékk sent **lestrarbingó** og dregið var úr innsendum þátttökumiðum.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Lestrargestir: Hópurinn fór af stað eftir áramót og endurvakti þá lestrargesti. Mögulegum gestum í nærumhverfinu var boðið að mæta í skólann með boðsbréfi. Stundataflan var þússuð upp og nýtt aftur.

Í þetta sinn þóssuðum við uppá að allir námshópar fengju lestrargesti og fengu sumir fleiri en einn. Heimsóknirnar gengu mjög vel.

Stefnum á að miða við afmarkaðan tíma á vetrinum: einu sinni á haust- og vorönn og jafnvel jólalestur.

Þurfum að virkja starfsfólk til að koma í tíma og lesa, hlusta og/eða ræða bækur. Hugmynd líka um að hver bekkur fái að bjóða lestrargestum í tíma, t.d. öfum, ömmum, foreldrum o.þ.h.

Aðrar hugmyndir fyrir næsta vetur:

- Færa læsismenninguna yfir á starfsfólk með einhverjum hætti, t.d. að einhverjir kynni uppáhaldsbók/lesi úr henni í upphafi fundar
- Ljóðalærdómur: leggjum til að kenna nemendum að læra ljóð, t.d.
 - nýta söngstundir
 - Allir nemendur læri sama ljóðið
 - hver mánuður með sitt ljóð/ferskeytlu
 - Í hverjum mánuði er einn námshópur með þema þar sem ljóð/saga/skáldsaga er tekin fyrir og kynnt, t.d. í söngstund
- Fá rithöfunda í heimsókn

Meðlimir læsismenningar:

Sigrún Ben. Íris Olga, Sólrún, Anna Lilja, Sigrún Gylfa, Helga Sig. og Birgitta.

Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var notuð í 1.-4. bekk. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnst nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslega textans.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur og námsbækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Fjölbreyttir textar voru notaðir; sögur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð og fræðitextar svo eitthvað sé nefnt. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss, 2 stafir í viku. Nemendur unnu með stafi vikunnar, lærðu að skrifa þá, unnu með þá í frauðstöfum og með stafaöskju svo eitthvað sé nefnt.

Bókin sem unnið var með hverju sinni, var ýmist lesin í heild í byrjun viku eða lesin í bítum alla vikuna. Ýmiskonar verkefnavinna með textann tók svo við s.s. spil, krossgátur, stafasúpur, orðasúpur, sóknarskrift eða paraskrift. Stundum var unnin stöðvavinna en einnig var unnið í hópum, þörum eða einstaklingslega. Í lok þemavinnu unnu nemendur lokaverkefni t.d. leikrit, söguveg, bók í Book Creator, veggspjöld, margvísleg myndverk og þar fram eftir götunum. Lögð var áhersla á sköpun og úrvinnslu textans. Þá gafst nemendum tækifæri að sýna hvað þeir höfðu lært. Bók vikunnar var samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði og þá unnum við gjarnan með hana í tvær vikur samfellt.

Oft voru markmið í myndmennt tengd vinnu Byrjendalæsis en þá tengdist það listsköpun nemenda í lokaverkefnum tengdum bók vikunnar. Nemendur unnu í hefðbundnum vinnubókum samhliða Byrjendalæsi. Nokkuð var um stór sameiginleg hópverkefni, þar sem afraksturinn var veggspjald eða eitthvað annað sýnilegt.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, tvöfalda sérhljóða, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur lásu í heimalestrarbókum einu sinni á dag alla virka daga. Þegar leið á haustönn voru flestir nemendur farnir að skrifa 3-5 orð heima í stílabók. Annað heimanám var lítið en tilfallandi, í flestum tilvikum var einungis heimanám á þá nemendur sem náðu ekki að ljúka við verkefni í kennslustund.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Ekki var annað að sjá en að nemendur hefðu gaman af Byrjendalæsi og þeim vinnubrögðum sem þar er beitt.

*Birgitta Sveinsdóttir og Sara
Gísladóttir*

Félagsmál 2023/24

Félagsmál voru í svipuðu sniði þennan vetur eins og áður. Nemendaráð var skipað að hausti og þeim gefið að skipuleggja félagsmál fyrir 7. - 10. bekk ásamt öðrum verkefnum þeirra. Undirritaður sat yfir ráðinu og skipulagði með þeim. Laufey Anna, starfsmaður Húss frítímans, mætti einnig á öll félagsmál og var til halds. Kjörnir fulltrúar voru eftirfarandi:

10. bekkur - Bríet Bergdís Stefánsdóttir & Vignir Freyr Þorbergsson - formenn, og Hallgerður Harpa Vetrarrós Þrastardóttir & Svandís Katla Marinósdóttir - til vara.
9. bekkur - Halldór Stefánsson aðalmaður og Ævar Sigurðsson til vara.
8. bekkur - Matthías Guðmundsson aðalmaður og Ísleifur Eldur Þrastarson til vara.
7. bekkur Bergrún Lauga Þórarinsdóttir aðalmaður og Edda Björg Einarsdóttir til vara.

Fundað var ca. aðra hverja viku og stundum oftast til að skipuleggja dagskrá. Þá var alltaf fundað innan veggja skólans en nemendum var stundum falið að græja ýmislegt heima við s.s. auglýsingar og aðra skipulagsvinnu.

Yfir veturinn var boðið upp á fjölbreytta, en þó hefðbundna, dagskrá eins og bekkjarkeppnir, sundlaugarpartý, inni- ólympíuleikar og margt fleira. Hús frítímans bauð einnig á nokkur böll, söngvakeppnir og fleira. Fín mæting var héðan á þá viðburði.

Að vori, 13. maí, var síðan slútt að með ferð á Bakkaflöt í River rafting. Rútur fóru héðan að skóla loknum og keyrðu heim um 19:00 leytið. Með krökkunum fóru undirritaður og Anna Lilja. Ferðin gekk mjög vel og á hana mættu næstum því allir sem kost höfðu á.

Félagsmálin gengu á heildina litið mjög vel og þátttaka var mikil. Undirritaður leggur þó til að endurskoðuð sé sú staða að starfsmaður frá skólanum sjái um yfirsýn

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Þeirra hér. Stundum verður það til þess að starfsmenn Húss frítímans, sem ber skylda til að þjónusta okkur jafnt við aðra skóla Skagafjarðar, komast upp með að þæla ekki eins mikið í málum hér. Betra væri ef félagsmálin hér væru alfarið á þeirra könnu og þeim ekki gefið færi á að skilja okkur eftir. Eins og staðan er núna slysast þau reglulega til að gleyma að auglýsa viðburði hjá okkur eða aðstoða jafnt og hina skólana.

Steinar Óli Sigfússon

Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 21. maí og komið aftur til Keflavíkur þann 24. maí. Með í för ásamt 10. bekkjum, 13 talsins, voru Helga Rós Sigfúsdóttir umsjónarkennari, Sigfríður Jódís Halldórsdóttir og Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir. Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um klukkan 23.50 þann 20. maí áleiðis til Keflavíkur. Stutt stopp var tekið í Olís í Borgarnesi á leiðinni, vorum við komin á Keflavíkurflugvöll rétt um klukkan 5.00 um morguninn. Færð og veður á leiðinni var prýðilegt.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með sérstökum dugnaði og skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna og samfélagsins alls, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins. Flogið var út með Icelandair og passað að panta sæti þannig að við værum saman í vélinni, en ekki út um alla vél eins og stundum hefur verið. Þrátt fyrir að því fylgi aukakostnaður þá er ákveðið öryggi í að við séum öll saman og einnig meiri ánægja fyrir nemendur. Mælum við með því að þetta verði gert næstu ár, ef nægur peningur safnast.

Gist var á Hotel Cabinn, þó ekki því sama og við höfum verið á síðustu ár. Þetta hótél var aðeins lengra frá Aðaljárnbrautarstöðinni og miðborginni, en það kom þó ekki að sök. Við vorum fljót að finna strætó sem gekk frá hótelinu og að tívolínu en einnig var þetta ekki nema rétt um kílómetra gangur. Aðstaðan á hótelinu var góð, herbergin nokkuð rúmgóð og góður morgunmat. Gott væri þó að skoða næsta hvort frekar sé laust á Cabinn city, þar sem að staðsetningin er þægilegri.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Experimentarium, Ripley's (furðusafnið), Jónshús o.fl. Einnig var farið í síkjasiglingu, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum, að ógleymdu Strikinu.

Ferðin þótti takast með afbrigðum vel og voru nemendur og kennarar afar ánægðir þegar heim var komið. Seinkun var á flugi svo landing á Reykjanesi var um kl. 02.00 þann 25. maí. Þaðan var haldið beint á Cabin hótél í Reykjavík og gistum við þar þá nóttina. Að morgni 25. maí, eftir svefnlitla nótt var haldið í sund í Laugardalslaug og borðað í Kringlunni þar á eftir. Einhverjir skelltu sér í bíó og aðrir tóku leggjú í rútnu, en við sameinuðumst svo 7. - 9. bekk í keilu og pizzahlaðborði í Egilshöll. Þaðan var svo haldið á úrslit skólahreystis. Það var þreyttur en nokkuð sáttur hópur sem skilaði sér heim í Skagafjörð um klukkan 2, aðfaranótt 26. maí.

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

Helga Rós Sigfúsdóttir, Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir, Sigfríður Jódís Halldórsdóttir

Árshátíð 1.- 7. bekk

21.mars 2024

Fimmtudaginn 21.mars var árshátíð yngri nemenda haldin í Miðgarði. Þar voru sýnd þrjú verk. Hið fyrsta nefnist Úlfar ævintýranna og fjallar eins og nafnið bendir til um þá ógn sem úlfar eru og hvað gerist þegar fólk er hrætt að óþörfu með aðsteðjandi ógn. Það verk fluttu nemendur í 1.-4.bekk. Þar á eftir var komið að nemendum í 5.bekk. Þeirra verk var Vakað á jólanótt.

Í báðum leikþáttunum var einnig nokkur söngur og annaðist Helga Rós Indriðadóttir undirleik. Leikstjórn þessara þátta var í höndum Söru Gísladóttur.

Eftir þessa þætti var kaffihlé og gafst gestum þá kostur á því að ræða málin, rifja upp úlfasögur, jólasögur sem og aðrar, auk þess að velta því fyrir sér hvort vorið væri rétt

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

ókomið. Heyra mátti óma lágt: Aftur kemur vor í dal, enda þótt hríðin væri rétt að skella á.

Þegar kaffið hafði verið drukkið sýndu nemendur í 6.-7.bekk verkið Ævintýrakistuna í leikstjórn Kristvínur Gísladóttur. Þar er fjallað um stígvélaða köttinn, konungsríki, svik, töfra og fleira sem við sögu kemur í dæmigerðu ævintýri.

Þar sem lengd er alveg upp undir 2 klukkutímar þá kom upp sú hugmynd að á næsta ári yrði prófað að hafa tvo árshátíðardaga; 1 fyrir yngsta stig og 1 fyrir miðstig. Þannig væri hægt að setja upp fleiri leikrit þar sem hver árgangur (eða samkennsla bekkja) væru með sitt eigið leikrit.



*Birgitta Sveinsdóttir
Kristvina Gísladóttir
Sara Gísladóttir
Sólrun Jóna Ásgeirsdóttir
Sif Káradóttir*



Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Árshátíð - GREASE

Punktur um hvernig gekk:

Handritið:

Árshátíðarstykki var ákveðið með herkjum í október. Til var ljósrit af handritinu sem 1997 árgangurinn setti upp en það var þýtt og staðfært af Gísla Rúnari Jónssyni sáluga. Hafði ég samband við Björgvin Franz Gíslason, son Gísla Rúnars, til að fá leyfi til notkunar sem hann góðfúslega veitti. Upp úr miðjum nóvember voru nemendur 10. bekkjar komnir með handrit.

Skipuðum í nefndir eftir áhuga - dans, sviðsmynda, búninga-, markaðs-, tónlistar - það voru helst dans, tónlistar- og búninganefndir sem störfuðu að einhverju ráði.

Athugasemdir:

Skoða þyrfti handrit strax að hausti og setja nemendum ákveðnar vörður (sáu búin að læra eitthvað ákveðið fyrir ákveðinn tíma)

Umræða skapaðist um hvort hægt væri að ætlast til að nemendur lærðu línurnar sínar í jólafríinu. Það er góð og gild spurning. Í tilfalli þessa hóps höfðu þau frá síðla nóvember til 6. janúar til að læra.

Hlutverk:

Eftir að 10. bekkingar fengu handrit sendi ég þeim könnun um hvaða hlutverk þau gætu óskað sér, 1., 2. og 3. val. Í kjölfarið auglýsti ég áheyrnarprufur sem tókust að mestu ágætlega, fólk var mismikið undirbúið.

Athugasemdir

Gott væri að hafa bæði söng og leikprufur áður en raðað sé í hlutverk

Æfingar í skóla:

Þar sem ekkert árshátíðar, „val“ var starfrækt í vetur, var undirbúningur stuttur og æfingar hófust 3. janúar. Æft var í setustofu frá mánudegi til föstudags, 10. bekkur ásamt einum aðalleikara úr 9. bekk.

Æfingar gengu stirt, fyrst og fremst vegna þess að 5-6 nemendur höfðu ekki lært línurnar sínar frá afhendingu handrits síðla í nóvember. Sendir voru póstar heim og síðan hringt í foreldra þeirra og komst þá heldur betra skrið á æfingar þó að skort hafi heimtur á línunum hjá 1-2 nemendum þrátt fyrir ítrekun. Þetta ástand gerði allt ferlið frekar þungt í vöfum.

Dans og tónlist:

Ingunn danskennari kom vikuna 4.-7. desember.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Dans-nefndin samdi nokkra dansa og sendi Ingunni til yfirferðar. Fleiri dansar hefðu mátt vera tilbúnir áður en Ingunn kom.

Nú er orðin fastur liður að dansnefndarfolk taki upp alla dansa á lpada sína, sem voru svo settir í möppu á skóladrifi og deilt með 8.-10. bekk svo nemendur gætu æft sig. Hreint nauðsynlegt fyrirkomulag.

Dansæfingar voru ekki nægar, seinangangur á skipulagi

Búningar og leikmunir

Notast var við eitthvað af búningum skólans en einnig fengum við lykilbúninga - jakkana á stelpurnar - hjá FNV, sem og þó nokkra frá Leikfélagi Sauðárkróks.

Nemendur og starfsfolk kom að venju með að heiman.

Í ár sáu Sigfríður og Unnur um utanumhald búninga og leikmuna, sem var ómetanlegur léttir fyrir leikstjóra og sýningarferlið allt. Þær héldu þétt um skráningu á allsherjarskjalinu og fóru reglulega yfir með starfsfólki og nemendum.

Athugasemdir

Það væri mjög gott að skoða búninga fyrir jóla - það gæti tekist ef gert verður ráð fyrir árs hátíðartíma á stundaskrá.

Hár og smink:

Sent var á alla foreldra nemenda í 10. bekk og athugað hvort einhverjir vildu hjálpa með hár og smink, fín viðbrögð þar.

Athugasemdir

Það var mjög gott að senda nemendur ekki heim, heldur byrja strax eftir generalprufu (mun meiri ró og nem. aðstoðuðu hvert annað). Fínar tímasetningar, leikstjóri gat einnig tekið spjall og æft einhver atriði.

kaupa þarf beauty blandara

Æfingar í Miðgarði:

Húsið var til reiðu á mánudaginn 8. janúar.

Ein sýning var föstudaginn 12. janúar kl. 19:30

generalprufa klukkan ????

Starfandi húsvörður var Ólöf Ólafs. Kristín Halla var í veikindaleyfi og hafði beðið Inga Sigbór að sjá um hljóð en í sýningarviku sagði hann sig frá því. Í staðinn hafði hún samband við Exton og fengum við ljómandi fínann hljóðmann Eyþór Alexander sem var á sýningunni. Einnig kom ljósamaður - Hákon - til að forrita ljós fyrir alla sýninguna, sem Haraldur Hjalti gat svo stjórnað á auðveldan hátt. Nýju ljósin voru fín.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Sviðsmynd og sviðsmenn:

Þuríður Helga og Íris Olga sú um hönnun sviðsmyndar, sú fyrrnefnda sá um að framkvæma.

Sviðsmenn voru þrír, þar af einn sem sá um ljósin. Leikarar tóku virkan þátt í sviðsmennsku.

Tónlist

Undirleikur (playback) af youtube, umbreytt með onlinevideoconverter.com (að mestu), síðan keyrt gegnum moises.ai þar sem hægt er að fjarlægja raddir og bakraddir, sem og breyta um tóntegundir.

Sýningin sjálf

Fór af stað skrítíð klapp hjá yngri sem þarf að taka fyrir.

Mikilvægt að börn fari á klósett fyrir sýningu (general)

Banna klapp við lög á generalsýningu

taka fram í upphafi að verið sé að taka sýninguna upp og því foreldrar beðnir að fara fram með börn sem eru óvær og klósettferðir/ráp ekki æskilegar.

Til umhugsunar fyrir næstu árshátíð:

passa að allir starfsmenn skólans fái tækifæri til að sjá annað hvort generalprufu eða kvöldsýningu - sérstaklega þarf að passa að foreldrar barna á árshátíðinni fái að sjá sýninguna

Höldum búningarmerkipartí!!

hafa tvær sýningar - jafnvel sama daginn

hafa fastan tíma á töflu hjá 10. b í árshátíð/fjáröflun

Ball

langur dagur og spurning hvort eigi að hafa það seinna á skólaárinu

mikið ráp á unglíngum út úr húsi

Gamlir punktar sem enn blíva:

Þyrfti að virkja nefndirnar betur, t.d. markaðs- og sviðsmyndanefndir

Árshátíðartími á stundaskrá mun nýttast næstkomandi 10. bekk vel - væri þó gaman ef hann væri ekki á fimmtudögum.

Undirbúa dansa fyrr, bæði að semja og kenna, taka upp.

Ath. símanotkun - engir símar á svið.

Mæli með að finna stykki ekki seinna en að vori. Ef það næst ekki, strax að haust

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Skólahreysti 2023-2024

Í vetur var kennd Skólahreysti í val tímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka er í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiþrautanna eru æfðar ýmsar þol- og styrktaræfingar. Liðið til að keppa fyrir hönd Varmahlíðarskóla árið 2024 var svo valið með ýmsum tímatökum og útreikningum en það fór svo að Bríet Bergdís Stefánsdóttir og Vignir Freyr Þorbergsson urðu hlutskörpust í hraðbrautinni og Sigurbjörg Inga Sigfúsdóttir og Eiríkur Jón Eiríksson voru fulltrúar okkar í hreystiþrautum. Marey Kristjánsdóttir og Halldór Stefánsson fóru sem varamenn. Lagt var af stað í undankeppnina á Akureyri þann 30.apríl og fóru nemendur 8.-10 bekk með sem stuðningslið og voru grænklædd líkt og fyrri ár. Liðinu gekk mjög vel í undankeppninni sem sýnd var í beinni útsendingu og þegar úrslit voru kveðin upp höfnuðum við í 1.sæti og að sjálfsgöðu brutust út mikil fagnaðarlæti að við hefðum komist áfram í úrslitakeppnina 8.árið í röð. Allur hópurinn skellti sér út að borða á Vélsmiðjunni í Pizzahlaðborð áður en haldið var heim. Haldið var áfram að æfa og styrkja sig en það er samt oft erfitt að koma því inn í dagskránni í maí vegna anna í öðrum verkefnum, keppendur æfðu sig þá einnig sjálf heima og mættu á aukaæfingar á laugardögum. Lagt var af stað í úrslitakeppnina suður með 7.-9.bekk föstudaginn 24.maí þar sem ferðin var einnig nýtt sem skólaferðalag með þeim og gist í skátaheimili. 10. bekkur kom frá Danmörku aðfaranótt laugardagsins. Hóparnir sameinuðust svo í Keilu og pizzaveislu fyrir keppnina á laugardeginum. Bein útsending var svo kl.20.00 frá Mýrinni í Garðabæ en stuðningsliðið okkar var dökkrautt í ár og styrkti Fisk á Sauðárkróki kaup á bolum fyrir stuðningsssveitina. Skemmst er frá því að segja að liðið okkar stóð sig með stakri þryði og endaði í 9.sæti eftir skemmtilega keppni, keppendum fannst samt erfitt að vera nýkomin úr Danmerkurferð og illa sofin.



Varmahlíðarskóli sló Íslandsmet í ár þar sem enginn skóli hefur komist í úrslit 8 ár í röð. Skólahreystiveturinn hefur verið afar skemmtilegur og nemendur samviskusamir að leggja sig alla fram með gleðina að vopni, við vorum einstaklega heppin í ár að Steinar Óli Sigfússon fyrrum keppandi fyrir hönd Varmahlíðarskóla og stuðningsfulltrúi við

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

skólann var oft með okkur í tímunum og hjálpaði til að hvetja krakkana áfram. Aðrir bekkir fengu einnig að reyna sig við þrautirnar reglulega og virðist áhugi vera almennur í skólanum.

Sigurlína Einarsdóttir

Vorferð 1.-4.bekkar 2024



Þriðjudaginn 21.maí lögðum við af stað í vorferð og var ferðinni heitið til Hóla í

Hjaltadal. Þar tók Gísli vígslubiskup á móti okkur í kirkjunni. Hann sagði okkur frá sögu kirkjunnar og staðarins. Þar á eftir var farið upp í kirkjuturninn og í Auðunnarstofu þar sem Gísli hélt áfram að spjalla við okkur um sögu staðarins og tilurð Auðunnarstofu. Á eftir fórum við í pítsahlaðborð á Kaffi Hólar, skelltum okkur í sund og enduðum á því að borða nesti við Nýjabæ, (gamla torfbæinn) áður en við lögðum af stað í Varmahlíðarskóla aftur. Við enduðum á því að fá okkur ís í Olís áður en allir héldu heim eftir góðan og skemmtilegan dag.



Birgitta Sveinsdóttir

Sara Gísladóttir

Sif Káradóttir

Sólrun Jóna Ásgeirsdóttir



Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Vorferð 5.-6. bekkur 2024 - Skín við sólu

Ferð okkar byrjaði við Varmahlíðarskóla og var keyrt eins og leið lá upp að Víðimýri



þar sem tekið var á móti okkur og okkur sagt frá nokkrum staðreyndum um kirkjuna og hvernig hún var notuð á sínum tíma.

Frá Víðimýri fórum við í Kringlumýri þar sem Sigurður Hansen tók á móti okkur og bauð okkur í Kakalaskála. Hann fræddi okkur örlítið um Ásbirninga á sturlungaöld og fór með okkur í gegnum fádæma listaverkasýningu því tengt.

Næst heimsóttum við Ferjumanninn Jón Ósmann en þar fræddu kennarar nemendur um líf og andlát Jóns. Nemendur fóru að skoða kofann sem Jón hafðist við í við ósinn og tóku síðan sprett yfir gömlu brúna á ósnum en þar beið rútan þeirra.

Klukkan 11:00 vorum við mætt á N1 til þess að borða, pizzahlaðborð, franskar, kokteilsósu, gos og ís í eftirrétt.

Næst fórum við í 1238 og sýningin *Baráttan um Ísland* skoðuð auk þess sem nemendur fengu að upplifa sturlungaöld í sýndarveruleika.



Nú var komið að því að halda fram í Varmahlíð en með viðkomu í Glaumbæ. Við skoðuðum safnið og gamla bæinn þar, fórum í bingó áður en við enduðum ferðina í Varmahlíðarskóla. Við vorum komin þangað fyrir heimakstur eða klukkan hálf þrjú.

Helga Sig., Sigrún Ben., Sigrún Gylfa og Jónína Gunnars.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Skólaferðalag 7. - 9. bekkjar

Ákveðið var að fara með nemendur í 7. - 9. bekk í skólaferðalag til Reykjavíkur og nýta ferðina suður því skólinn var kominn áfram í úrslit í Skólahreysti. Lagt var af stað eftir morgunmat föstudaginn 24. maí og keyrt í Borgarfjörðinn með viðkomu í Staðarskála. Stoppað var við Grábrók þar sem nemendur



tóku sprettinn upp fjallið. Borðað var nesti þegar niður var komið. Einnig var Glanni og Paradísarlaut skoðuð. Þar sem við urðum veðurteppt í Borgarnesi var ákveðið að breyta skipulaginu og fara í sund þar í staðin fyrir í Mosfellsbæ eins og upphaflega planið var. Eftir sunnið var farið í ísbúð Huppu og Bónus. Næsti áfangastaður var Lækjarbotnar (rétt austan við Rauðavatn). Vegna veðurs var aðstaðan ekki sérstaklega góð, húsið var hvorki vind né vatnshelt og ekki var hægt að grilla og lærin því sett inn í ofn. (Spurning að hafa einfaldari mat næst)

Eftir morgunmat og frágang daginn eftir var ferðinni heitið í miðbæ Reykjavíkur. Hallgrímskirkja skoðuð og farið upp í turninn (frítt fyrir íslenska nemendur), gengið niður Skólavörðustíginn og niður á Lækjartorg og merkustu byggingar skoðaðar og endað í óvæntri ferð í Kolaportið. Eftir það var borðað á KFC og farið í Perluna þar sem nemendur og starfsmenn skoðuð mjög flottar og fróðlegar sýningar. Í kjölfarið var ferðinni heitið í Egilshöll þar sem við hittum nemendur úr 10. bekk og fórum í keilu og pizzu. Áður en við fórum í Mýrina var komið við í Hagkaup í Garðabæ. Eftir góða og drengilega keppni í höllinni var stutt stopp á N1 áður en lagt var af stað norður. Komið var heim um kl. 1:30.



Anna Lilja Guðmundsdóttir
Steinar Óli Sigfússon
Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Erasmus+ verkefni: Finnland - Ísland - Tyrkland

2023-2024

- 1)Hvert er verkefnið og hver er tilgangur með starfinu, fól verkefnið í sér samstarf við aðra?
- 2)Hvernig komu nemendur að verkefninu? (ef við á)
- 3)Tími sem varið var í verkefnið, hafði það fastan tíma í vikunni eða var það unnið í lotu?
- 4)Staðsetning. Fór verkefnið fram í skólanum eða annars staðar?
- 5)Hafi verkefnið falið í sér ferðir er rétt að geta þess hversu mikill tími fór í ferðir og hvernig ferðamál voru leyst.
- 6)Afrakstur starfs eða útkoma hóps.
- 7)Hver eða hverjir sinntu verkefninu.

Haustið 2022 hófst Erasmus+ verkefnið From Scratch to Infinity, FROSTI. Tilurð verkefnisins er sú að fyrr á árinu hafði Mari Kilpelainen, núverandi skólustjóri grunnskóla í Joensuu í Finnlandi, samband við undirritaða um hvort Varmahlíðarskóli vildi taka þátt í umsókn með tyrkneskum skóla. Mari var þátttakandi í Comeníusverkefni með Varmahlíðarskóla kringum 2010, ásamt undirritaðri. Zerrin Tasdemir frá Bursa, Tyrklandi og Mari höfðu starfað saman í Comeníusarverkefni einhverjum árum áður. Nemendur Zerrinar fengu hugmyndina að verkefninu, en til að auka líkur á að fá umsóknina samþykka varð úr að Mari sækti um því langtum fleiri umsóknir berast frá Tyrklandi heldur en Finnlandi.

Helstu markmið FROSTA voru:

- Þróa sköpunargáfu, samskiptafærni og stafræna hæfni nemenda
- hvetja til lýðræðislegrar þátttöku ungs fólks í stafrænum heimi
- auka færni í erlendum tungumálum

Meginverkefnið:

Nemendur skólanna þriggja búa til sinn eigin heim með nýjum félagslegum viðmiðum og reglum, menningu, gróðurfari, tungumáli osfr. Öll vinna fer fram á stafrænum grunni.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Tímoplan verkefnisins var upphaflega eftirfarandi:

5. október Undirbúningsfundur - fjarfundur
7. - 10. nóvember Finnland - vinnustofur í skapandi hugsun
4. - 25. desember vinnufundir: skapandi hugsun
8. jan - 13. mars 2023 Fjarnám í kóðun og stafrænni hönnun
24. - 27. apríl 2023 Tyrkland - Vinnustofa í stafrænni vinnslu
8. maí - 28. ágúst Fjar-undirbúningur í sýndarveruleika-sýningu
11. - 14. september Ísland - Sýning og mat

Allar stóðust tímasetningar nema að skipta þurfti á ferðum hingað til Íslands og Tyrklands vegna jarðskjálftans sem reið þar yfir 6. febrúar. Þótti þá of mikil óvissa að skipuleggja ferð þangað í apríl.

Tímasetningar

Í upphafi skólaársins 2022 - 2023 var nemendum 10. bekkjar (árgangur 2007) tilkynnt að þeir yrðu þátttakendur í verkefninu. Hrund Malín var umsjónarkennari 10. bekkjar og því sjálfkjörinn þátttakandi í verkefninu. Þá var planið að hópur starfsfólks og nemenda færi til Finnlands um haustið en í mars að þá færi annar hópur til Tyrklands. Innvikla þurfti 2008 árganginn því ljúka átti verkefninu haustið eftir og þá væri 2007 árgangurinn náttúrulega útskrifaður.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Þann 5. október var haldinn formlegur kynningarfundur á Zoom með 10. bekkjum, okkur Hrund og svo þátttakendum hinna landanna.

Dagana **7. - 10. nóvember** fóru undirrituð, Hrund Malin og þrír nemendur úr 10. bekk til Joensuu í Finnlandi. Nemendur og kennarar tóku þátt í margvíslegum vinnustofum í skapandi hugsun, sem við þátttakendur lögðum svo fyrir nemendur 9. og 10. bekkjar hér í skólanum. Meðal viðfangsefna voru:

- hópleikir og ísbrjótar
- hugarflæði/þankahríðar vinna í að skapa nýja heima
- Tilbúnir heimar á síðunni Genially sem

Í september var nemendum boðið að sækja um ferð til Finnlands

Formlega stóð verkefni frá 2. október 2022 til 30. september 2023.

Athugasemdir

Yfirmarkmiðið um að búa til stafrænan heim var alltaf skýr en ekki alltaf undirmarkmiðin og framkvæmd

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2024

Öryggisráð

Öryggisráð kom saman að meðaltali 1 sinni í mánuði fórum yfir mánaðarlegt eftirlit og yfirfarnar þær ábendingar sem okkur bárust. Engin brunaeðing var fyrir áramót vegna tímaleysis og fjarveru húsvarðar v/veikinda. Eftir áramót var farið yfir brunakerfið settar bjöllur í hvert rými og einnig skipt um flest flóttaleiðaljós. Atvikaskráningar voru í okkar höndum í vetur. Flóttaleið af Bókasafni er ekki fullnægjandi. Aldrei varð af brunaeðingu eftir áramót sem er alls ekki nógu gott, það verður að vera eitt af fyrstu verkefnum haustsins. Slökkvitæki fara í yfirhalningu á næstu dögum og verða í lagi í haust. Þurfum meira samtala með stjórnendum t.d fund 1x á önn.

Guðmundur Magnússon

Helga Þ Hjálmarsdóttir